

Alþingi
Erindi nr. P 133/896
komudagur 12.2.2007

Reykjavík, 12. febrúar 2007

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til æskulýðslaga (þskj. 460 – 409.mál)

Þegar lögin eru lesin yfir þá virðast þau á heildina lítið nokkuð góð þó hnykkja mætti betur á mikilvægi þess að þeir sem hafa umsjón með æskulýðsstarfi hafi lokið háskólaprófi á sviði félagsvísinda (sjá 10. gr.). Einnig tel ég mikilvægt að efla rannsóknir er varða velferð barna og ungmenna (sjá 12 gr.). Ég hef eftirtaldir athugasemdir við þetta frumvarp:

IV. kafli. 10. gr.

Mikilvægt er að tekið sé fram að a.m.k. einn starfsmaður sem skipaður eru umsjónaraðili viðkomandi æskulýðsstarfs hafi lokið háskólaprófi á sviði félagsvísinda. Með því eru gæði starfsins tryggð frekar og einn starfsmaður sem hefur undirstöðuþekkingu til að þjálfa annað starfsfólk sem vinnur með börnum og ungmennum. Í athugasemdum með frumvarpinu (bls. 8) kemur fram að *Ein leið til að hamla gegn vaxandi ofbeldi er þátttaka barna og ungmenna í skipulögðu æskulýðsstarfi með reyndum og menntuðum leiðbeinendum*. Það er mikilvægt að hafa þetta að leiðarljósi í grein 10 og í allri vinnu er varðar æskulýðsmál hér á landi og ekki síður er varðar íþróttastarfið.

Ég geri tillögu um að fyrsta málsgreinin sé eftirfarandi:

Miða skal við að þeir sem starfa með börnum og ungmennum í æskulýðsstarfi séu lögráða og hafi þjálfun, menntun, þekkingu eða reynslu til starfsins. Þeir sem hafa umsjón með börnum og ungmennum í æskulýðsstarfi skulu jafnframt hafa lokið háskólaprófi á sviði félagsvísinda.

VI. kafli. 12. gr.

Ég fagna því að lögin geri ráð fyrir því að fram fari reglubundnar æskulýðsrannsóknir sem lagðar verði til grundvallar stefnumótun í æskulýðsmálum.

Rannsóknarfé til félagsvísindarannsókna hefur alltaf verið lítið og því mikilvægt að auka það. Á bls. 18 kemur fram að gert sé ráð fyrir 3 m.kr. fjárveitingu til æskulýðsrannsókna. Þetta er allt of lítið. Það þarf að kanna marga þætti er hafa að gera með velferð barna og ungmenna hér á landi og nota þarf mismunandi rannsóknaraðferðir eftir því hvert viðfangsefnið er. Í sumum tilfellum hentar að safna gögnum með spurningalista í skólum, utan skóla eða með úrtakskönnunum. Í öðrum tilfellum hentar að taka opin viðtöl til að dýpka skilning á ákveðnum viðfangsefnum, eða að gera rannsókn í tilraunaaðstæðum eða að vinna úrvinnslu með söfnun opinberra gagna svo sem hjá lögreglu eða slysadeild. Hver rannsóknaraðferð krefst faglegrar færni og þekkingar á viðkomandi sviði.

Í athugasemdum við frumvarpið bendir margt til þess að hugmyndin sé að einn aðili hér á landi sinni þessum rannsóknum þar sem gögnum er safnað í skólunum og stefnumótun byggð á einni rannsókn. Það er engan veginn nóg og vil ég koma mótmælum mínum á

framfæri vegna þess. Ein rannsókn getur aldrei svarað öllum þeim spurningum sem skiptir máli að svara er varðar börn og ungmenni. Að slíkum rannsóknum þurfa margir að koma og margar rannsóknir þarf að framkvæma. Aukin þekking felst einmitt í fjölbreyttri flóru rannsókna, þær þarf að þróa og endurprófa, jafnvel endurskilgreina fyrirbæri eftir því sem aukin þekking liggur fyrir.

Það verður að gefa rannsakendum tækifæri á að koma niðurstöðum á framfæri og að þeir hafi tækifæri til að fjármagna þessar rannsóknir.

Mínar rannsóknir hafa m.a. beinst að símenntun, forvömun og aðgengi að fíkniefnum hér á landi. Allt eru þetta þættir sem skipta máli í samfélaginu og ekki hvað síst fyrir börn og ungmenni. Þau þurfa að hafa tækifæri til menntunar, hvort sem er innan eða utan skólakerfisins, og hafa skilning á því að menntun varir allt lífið. Það þarf að byggja upp gott forvarnastarf enda er það ekki sjálfgefið að slíkt starf skili árangri. Það þarf einnig að kanna það umhverfi sem ungmenni lifa og starfa í þannig að þau verði til dæmis ekki auðveld bráð fyrir fíkniefnasala. Ég hef sérstaklega kannað ungmenni á aldrinum 18-20 ára. Sú aðferð var valin að notast við úrtakskönnun og hringja í fólk. Með þessari aðferð ætti sá hópur sem hefur horfið frá námi, mætir illa í skóla eða á erfitt með lestur, að hafa sama möguleika á að svara könnuninni og þeir sem eru í skólunum. Það þarf vart að skýra það nánar að sé spurningalisti lagður fyrir ungmenni sem á erfitt með lestur þá er betra að lesa spurningamar upp fyrir viðkomandi en að hann svari þeim með því að lesa hann sjálfur. Mikið brottfall frá námi er vandamál hér á landi og því mikilvægt að skilja afstöðu þessa hóps. Þetta er dæmi um hvar hentar betur að byggja niðurstöður á úrtakskönnun og með því að hringja í fólk en að leggja spurningalista fyrir í skólunum. Það er að sjálfsögðu hægt að biðja alla í viðkomandi árgöngum að svara könnuninni en með góðu úrtaki ætti að vera hægt að nálgast viðhorf og stöðu hópsins þó taka þurfi jafnframt mið af ákveðnum skekkjumörkum í niðurstöðum.

Það er brýnt að leggja meiri áherslur á rannsóknir hér á landi og að þær séu framkvæmdar af aðilum sem hafa menntun og reynslu á sviðinu. Mörgum spurningum er enn ósvarað og eðlilegt að reikna með því að í framtíðinni vakni spurningar sem mikilvægt er að fá svör við. Þetta er hagsmunamál er snertir alla þjóðina og aukin þekking á sviðinu getur aldrei annað en bætt stefnu stjórnvalda er snerta mál barna og ungmenna í landinu.

Virðingarfyllst,



Jóhanna Rósa Arnardóttir

Framkvæmdastjóri Hugheima, rannsóknafyrirtækis í félagsvísindum

Sími: 567-2900 eða 862-0683

Tölvupóstur: rosa@hugheimar.is